



Ný upplýsingalög nr. 140/2012

janúar 2014

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri



Tildrög og leiðarljós við endurskoðun

- Krafa um aukið gagnsæi í kjölfar hruns
- Hvernig má rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda?
- Víkka út gildissvið upplýsingalaganna, t.d. þannig að þau nái til einkaaðila í meirihlutaeigu hins opinbera.
- Taka mið af löggjöf í nágrannalöndum og sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum upplýsingum.
- Samráð



Samþykktarferlið

- Frumvarp lagt fram í þrígang
- Ýmsar breytingar gerðar að frumkvæði þingnefndar



Ýmsir meginþættir sem haldast óbreyttir

- Upplýsingalög taka eingöngu til stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga. Gögn sem tengjast rannsókn og saksókn í op. málum undanskilin.
- Réttur nær einungis til fyrirbyggjandi gagna
- Beiðandi þarf ekki að sýna fram á hagsmuni af afhendingu
- Ýmsar undanþáguheimildir vegna einka- og opinberra hagsmuna
- Skammir frestir, ein úrskurðarnefnd



Kjarni breytinga

- Efnisrétturinn nær óbreyttur
- Gildissvið laga víkkað út
- Stefna mörkuð um að málaskrár skuli birtar á vefnum
- Ýmis úrræði til að auðvelda almenningi að bera fram beiðni – áhersla á leiðbeiningarskyldu stjórnvalda



Meginbreytingar

- Gildissvið víkkað – nái til lögaðila í opinberri eigu (m.v. 51% eignarhlut), ekki afturvirkir
- Gildissvið víkkað – ná til einkaaðila sem veita opinbera þjónustu, d. hjúkrunarheimili
- Tilgreiningarreglan, nóg að tilgreina málefni eða tiltekin fyrirliggjandi gögn
- Aukinn aðgangur (d. meroffentlighed), skylda til að taka afstöðu
- Vinnuskjöl, skilgreining rýmkuð til að endurspeglar vinnulag



Meginbreytingar II

- Ný undanþága varðandi efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins
- Stjórnvöld vinni markvisst að því að birta málaskrár og gögn á vefsíðum og móti upplýsingastefnu
- Styttri frestur uns takmarkanir falla niður (8 ár varðandi ríkisstjórnargögn, bréfaskipti við sérfróða vegna dómsmáls og vinnugögn) annars 30 ár að meginstefnu
- Að liðnum 30 árum gilda I. um Þjóðskj. Ísl.



Hvað eru efnahagslega mikilvægir hagsmunir ríkisins?

- Upplýsingar „... sem talist gera varðað mikilvæga hagsmuni ríkisins, eins og t.d. fjármálastöðugleika eða upplýsingar sem eru þess eðlis að afhending þeirra og birting gæti skaðað fjárhag eða efnahag ríkisins. Þá er að sjálfsgöðu til viðbótar hið almenna skilyrði að mikilvægir almannahagsmunir krefjist þess að aðgangur sé takmarkaður.“ (Úr aths. með frv.)



Nánar um þau gögn sem falla undir lögin

- þau þurfa að vera í fórum stjórnvalds
- þau þurfa að varða starfsemi stjórnvalds
- formið skiptir ekki máli, tölvupóstur falla því undir lögin
- dagbókarfærslur og listi yfir málgögn



Skráningarskylda

- Skilaskyldum aðilum er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg, 2. mgr. 5. gr. a laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands
- Þjóðskjalasafn Íslands skal setja reglur um það hvernig skjalavörslu og skjalastjórn í stjórnarsýslu skilaskyldra aðila skuli hagað.



Skráningarskylda skv. 27. gr. uppl.

- 1. mgr. varðandi mál þar sem taka á stjórnvaldsákvörðun
skrá ber upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls, ákvarðanir um meðferð máls og forsendur ákvarðana
- 2. mgr. varðandi aðrar mikilvægar ákvarðanir, tillögur eða athafnir
halda ber mikilvægum upplýsingum til haga svo sem með skráningu fundargerða



Úrskurður varðandi bókhaldsgögn

- „Það er sérstakt álitaeefni, sem leysa ber úr hverju sinni m.t.t. atvika máls og aðstæðna, hvaða gögn það eru sem tengjast máli með það skýrum hætti að þau teljist til gagna máls í skilningi 3. og 10. gr. upplýsingalaga [nú 5. og 15. gr.] og beri að varðveita sem gögn í því máli í málaskrá, sbr. 1. mgr. 22. gr. [nú 27. gr.] sömu laga...



Úrskurður varðandi bókhaldsgögn -frh

- ...Hvað varðar bókhaldsgögn skal á það bent að skylda stjórnvalda skv. 22. gr. [nú 27. gr.] upplýsingalaga leiðir iðulega til þess að gögn sem varðveita skal sem fylgiskjöl með bókhaldi eða reikningsskilum stjórnvalda verði einnig að varðveita í málaskrá sem hluta af gögnum máls. Það á sérstaklega við ef viðkomandi gögn gefa upplýsingar um meðferð tiltekins máls, ráðstöfun mikilvægra hagsmuna, forsendur að baki ákvörðunum eða um þá ákvörðun eða samning sem um ræðir.“(ÚNU A-397-2011)



Óheimilt að ónýta skjöl

- **7. gr.** Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.



Breyting á tilgreiningarreglu (15. gr.)

- Ekki lengur nauðsyn að tilgreina mál, nægir að tilgreina efni máls
- „Eftir atvikum ber stjórnvaldi að afhenda aðila lista yfir mál sem ætla má að beiðni hans geti beinst að í þeim tilgangi að hann geti tilgreint það mál þar sem hann óskar eftir aðgangi að gögnum.“
- Beiðni má í undantekningartilfellum hafna ef tímafrek, krefst mikillar vinnu eða ólögsmæt



Vinnugögn (8. gr.)

- Má undanþiggja í allt að 8 ár frá því þau urðu til
- Gögn sem stjórnvöld hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls.
- Gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða þess háttar fyrir annað stjórnvald.
- Gögn unnin af nefndum/starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun eða fastákveðnu hlutverki



Vinnugögn – frh.

Vinnugögn ber að afhenda ef þau geyma:

- endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls,
- upplýsingar sem stjórnvaldi er skylt að skrá,
- upplýsingar um atvik máls sem ekki koma annars staðar fram,
- lýsingu á vinnureglum eða stjórnarsýsluframkvæmd á viðkomandi sviði.



Upplýsingar um launakjör starfsmanna

- Samkvæmt 3. og 4. tölul. 2. mgr. 7. gr. er skylt að veita upplýsingar um föst launakjör annarra starfsmanna en æðstu stjórnenda og um öll launakjör æðstu stjórnenda.
- Almennigur á rétt til aðgangs að slíkum upplýsingum jafnvel þótt þær sé ekki að finna í gögnum sem tilheyra tilteknu máli.



Forsaga þessa ákvæðis

- Festir í lög túlkun upplýsingalaga sem byggðist á nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar
- Túlkun þessi hafði komið fram í úrskurðum ÚNU og áliti umboðsmanns Alþingis
- Til viðbótar er kveðið á um að rétturinn gildi þótt upplýsingar sé ekki að finna í gögnum sem tilheyra tilteknu máli



Norrænn réttur

- Sambærileg réttarstaða annars staðar á Norðurlöndum



Rökin fyrir þessu ákvæði

- Eins og fram kemur í áliti umboðsmanns Alþingis í máli 5103/2007 styðst réttur almennings til upplýsinga um launakjör meðal annars við þau rök að gera almenningi kleift að taka þátt í þjóðfélagssumræðu á grundvelli sömu upplýsinga og stjórnvöld búa yfir og ef til vill bera saman hvernig kjör eru ákveðin hjá tilteknum hópi opinberra starfsmanna.



Úr nefndaráliti SEN (140. löggj.þingi)

- „Nokkur gagnrýni hefur verið á greinina og fram hafa komið sjónarmið um að þessar reglur geti hindrað að hæfir einstaklingar sækist eftir starfi hjá hinu opinbera. Þá þurfi einnig að varðveita traust og trúnað í starfssambandi stofnunar og starfsmanna. Meiri hlutinn tekur fram að þessar tillögur eru nú þegar taldar til gildandi réttar og telur nauðsynlegt að þær séu festar með skýrum hætti í lög.“



Fyrirvarar

- Ekki heimilt að afhenda upplýsingar um tilfallandi greiðslur til starfsmanna
- Ekki heimilt að afhenda upplýsingar um heildarlaun (nema ef þau sömu og föst laun)
- Ekki heimilt að afhenda upplýsingar eins og varðandi bankareikninga og aðild að stéttarfélagi eða lífeyrissjóði



Fyrirvarar

- Afhenda ber upplýsingar um tiltekna starfsmenn ef þess er óskað
- Rétt að gera það ekki nema sérstaklega sé óskað eftir því
- Eðlileg framkvæmd að upplýsa viðkomandi starfsmann hafi verið óskað eftir upplýsingum um laun hans/hennar – jafngildir ekki andmælarétti heldur er m.a. liður í rannsókn máls.



Fyrirvarar

- Mikilvægt að stjórnvald bendi þeim sem fær upplýsingarnar á að sérhver vinnsla upplýsinganna, þ.m.t. miðlun, sé háð ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hann eigi því ekki óskoraðan rétt á að vinna úr þeim eða birta þær. Heimildir hans eru háðar skilyrðum persónuverndarlaga og hann lýtur fræðsluskyldu skv. 21. gr. þeirra.



Málaskrár á vefinn (13. gr.)

- Stjórnvöld skulu vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Hið sama á við um gagnagrunna og skrár. Þess skal gætt að birting gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum.
- Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um ofangreint, þar á meðal markmið, áfanga og tímafresti



Dæmi: Offentlig elektronisk postjournal

Søkeresultat

[Endre søkekriteriene](#) [Nytt søk](#)

Søk på:
'island' i alle virksomheter
Viser 1 - 10 av 119 treff.

« Forrige | Side: [1](#) [2](#) [3](#) [4](#) [5](#) [6](#) [7](#) [8](#) [9](#) [10](#) | Neste »

Resultatet er sortert på relevans. Klikk på kolonneoverskrifter for å sortere resultater.

Sakstittel	Dokumenttittel	Saksnr.	Dok.nr.	Virksomhet	Dok. dato	Avsender/mottaker	Unntaksgr. dok	Arkivkode	Bestill
Forespørsel om foredragsholder til konferanse om organisert kriminalitet på Island	Forespørsel om foredragsholder til konferanse om organisert kriminalitet på Island	2011/02301	1	POD	03.09.2011	FRA: Iceland's Atlantic Treaty Association (ATA)			<input type="checkbox"/>
Gudbjörg Gunnarsdóttir - Godkjenning av utenlandsk utdanning som styrer/pedagogisk leder barnehage - Island	Ber om ny oversendelse av vedtak - Gudbjörg Gunnarsdóttir	2011/2044	6	Udir	18.09.2011	FRA: Gudbjörg Gunnarsdóttir TIL: Utdanningsdirektoratet			<input type="checkbox"/>
3YHG 720-STX NORWAY	ISLAND CENTURION 3YHG	2011/19204	4	Sdir	21.09.2011	TIL:			<input type="checkbox"/>



Breyting á 13. gr. í bígerð

- Afmarka betur hvaða upplýsingar úr málaskrá eigi að fara á vefinn
- Gert ráð fyrir tilraunaverkefnum, þ.e. forsætisráðuneytið semji við tiltekin stjórnvöld um tilraun á þessu sviði
- Gagnagrunnslýsingar og gagnaútdrættir



Lokaorð

- Fjölmörg nýmæli
- Þess má vænta að ýmis atriði skýrist nánar í framkvæmd hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál
- Tengsl við önnur lög, þ.e. einkum stjórnarsýslulög, lög um Þjóðskjalasafn Íslands og lög um upplýsingarétt um umhverfismál